

Barnavernd í vanda (grein í Alþýðublaðinu 24. júlí 1997)

Athygli almennings hefur beinst að barnaverndinni í landinu undanfarna mánuði. Ber þar sitt hvað til. Trúlega var siðgæðisvitund þjóðarinnar eftirminnilegast misboðið, þegar til fréttist, að karlmaður grunaður um barngirnd (pedófilíu) hefði höggvið í sama hnérunn og áður og svívirt nokkur stúlkubörn. Sumum hverjum rann kalt vatn milli skinns og hörunds, þegar kom upp úr dúrnum, að sams konar athæfi þessa misyndismanns fyrrum hefði verið tilkynnt barnaverndaryfirvöldum. Einhver hafði sum sé döngun í sér að sinna borgaralegri skyldu sinni, sem kveðið er á um í lögum um vernd barna og ungmenna. Að mótttekinni slíkri tilkynningu ber hinum sömu aðiljum að rannsaka málavöxtu.

Barngirnd er velþekktur afbrigðileiki í kynlífi karla og kvenna (karla þó fremur), sem m.a. lýsir sér í sterkri tilhneigingu til að leita uppi börn tilkynlífs. Í kjölfar þessa hörmulega atburðar hafa sjónir beinst að löggæslu og barnavernd. Hver ber ábyrgð? Því miður hefur orðið fátt um gagnleg svör. Umræðan snérist því miður upp í einhvers konar „ábyrgðarfirringakeppni,“ þegar á reið að læra sem allra mesti til að koma mætti í veg fyrir ámóta hörmungar í framtíðinni.

Þegar geðshræring almennings var um það il að fjara út vegna þessara ódæðisverka, dundi á okkur annað reiðarslag. Barnavernd Kópavogs lét hafa sig til að nema á brott telpuskinn úr leikskóla, setja það í geymslu yfir nótt og afhenda það framandi móður og kvikmyndatökuliði úr annarri álfu. Þáttur íslenskra yfirvalda í þessari harmsögu er uppvænlegur. Fulltrúi barnaverndarinnar stígur á stökk og staðhæfir kokhraustur, að hér sé um góða barnavernd að ræða. Vammi firrtur dómsmálaráðherra ber sér á brjóst og réttlætir þessu vondu gjörð með skírskotun til alþjóðlegra samninga. Alþjóð er því næst upplýst um, að vinnulag ráðuneytis um afhendingu lítilla barna við aðstæður sem þessar, taki mið af bögglassendingum. Með grannþjóðum vorum draga ráðherrar sig í hlé, eftir einum bjór of mikið og árekstur við staur. Hvenær skyldi sjálfsvirðingu íslenskra ráðherra og embættismanna vera misboðið? Hvenær skyldi íslenskri þjóð vera ofboðið?

Barnaverndin á greinilega undir högg að sækja og er sums staðar rúin trausti. Fagleg barnavernd er óvída stunduð í landinu og ber ekki á öðru en fagþekkingu hennar sé í mörgu ábótavant. Þó örlar á viðhorfsbreytingum í þá veru að efla barnavernd og uppeldislega ráðgjöf við foreldra og skipa þessum málaflokki skör hærra í umsýslu sveitarfélagsins en áður hefur tíðkast. Héraðsnefnd Þingeyinga hefur nú af stökum myndarskap lagt drög að sameiningu allra sveitarfélaga sýslunnar og Skagfirðingar stemma nú einnig saman sameiningarraddirnar. En sameining sveitarfélaganna mun vafalaust stuðla að eflingu barna- og fjölskylduverndar á þeim slóðum.

Í skýrslu nefndar um barnaverndarmál, sem stofnað var til á ári fjölskyldunnar, var gagnrýnt, að ekki væru gerðar tilhlýðilegar kröfur til nefndarmanna í barnaverndarnefndum. Það hlýtur að teljast sanngjörn gagnrýni í ljósi þess, að á sinn hátt eru barnaverndarnefndir gríðarlega mikilvægt stjórnvald, sem með ákvörðunum sínum getur haft afdrifarík áhrif á líf og hamingju heilla kynslóða. En til þess ber einnig að líta í þessu tilliti, að starfsmenn nefndanna, sem ugglaust gera sitt besta, eru oft og tíðum í vondri stöðu. Í einn stað ber þeim að veita ráðgjöf og þjónustu og í annan stað ber þeim að beita stjórnarsýslulegu „ofbeldi,“ ef svo ber undir. Þetta

er að öllu leyti algjörlega óviðunandi staða og stuðlar að því, að starfsmönnum skjöplist í fagmennskunni.

Oft hefur borið á góma, hvort ekki væri kerfisbreytingar þörf, þar sem barnaverndarnefndir væru varla starfi sínu vaxnar. Kröfur um, að eftirlits- og löggæsluþáttur nefndanna verði færður til dómstólanna, hljóta nú að fá aukinn hljómgrunn. Góð tíðindi eru einnig af þessu vettvangi. Umboðsmaður barna lætur sífellt meira í sér kveða um hagsmuni og heill barna. Nýlega beindi umboðsmaður sjónum sínum að meðferð og uppeldi unglinga á meðferðarstofnun í Reykjavík, sem starfar undir handarjaðri Barnaverndarstofu. Farið er fram á rannsókn Félagsmálaráðuneytis. Vonandi leiðir hún í ljós, að þar sé allt með felldu.

En í fleiri staði ber að horfa. Á síðustu mánuðum hafa feður í tugatali gert sér far um að benda á, hversu algengt sé ofbeldi auðsýnt börnum þeirra foreldra, sem eiga í forsjárdeilum eða deilum um umgengni. Rök hafa verið færð fyrir því, að óheppilegt stjórnarsýsla og vilhöll mæðrum, stuðli beinlínis að því, að slíkar deilur kvikni eða hlaupi í torleysanlegan hnút. Einnig er átalinn seinagangur í kerfinu. Því geri ég það að tillögu minni, að umboðsmaður barna beiti sér fyrir, að stjórnarsýslan í þessum málum verði grandskoðuð af óháðum aðiljum, þannig að glöggst megi sjá, hvar úrbóta sé þörf og hvernig þeim verði við komið. Ég leyfi mér að minna á, að skynsamleg tilhögun forsjár og umgegna kemur hundruðum íslenskra barna til góða. Heldur væri ekki úr vegi að kanna, hvernig viðeigandi lög eru túlkuð hjá dómstólunum, því í ljósi nokkurra nýgenginna dóma mætti ætla, að ofbeldi forsjárforeldris í garð barns og umgengisforeldris sé hin besta latína. Sé svo, er augljóslega í óefni komið.